

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi ferðaþjónustuhúsa að Minni-Borg, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Breytingin felst í að 5 frístundahúsalóðir bætast við lóð B sem stækkar um 8.000 fm. Leiksvæði á lóð A færast nær þjónustuhúsi og boltavöllur og þúttvöllur færast fjær. Húsnúmer breytast og hámarksmanishæð hækkar úr 5 m í 6 m.

Erindi þetta hefur fengið meðferð samkvæmt 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Grímsnes- og Grafningshreppi, 17. febrúar 2005.

Margrét Sigurðardóttir sveitarstjóri.

REGLUR

fyrir samvinnunefnd um svæðisskipulag sunnan Skarðsheiðar.

1. gr.

Samvinnunefnd um svæðisskipulag sunnan Skarðsheiðar er skipuð tveimur fulltrúum frá Akraneskaupsstað, tveimur fulltrúum frá Hvalfjarðarstrandarhreppi, tveimur fulltrúum frá Innri-Akraneshreppi, tveimur fulltrúum frá Leirár- og Melahreppi, tveimur fulltrúum frá Skilmannahreppi og einum fulltrúa frá Skipulagsstofnun með fullum réttindum annarra nefndarmanna öðrum en atkvæðisrétti.

2. gr.

Hlutverk samvinnunefndar er að endurskoða gildandi svæðisskipulag sunnan Skarðsheiðar 1992-2012 og leggja fram tillögu þar um, sbr. 12., 13. og 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

3. gr.

Fundur er lögmaður ef formaður og helmingur annarra nefndarmanna er viðstaddur. Afl atkvæða ræður úrslitum. Þó getur nefndin ekki ályktað um mál eins sveitarfélags að fulltrúum þess fjarstöddum.

Senda skal fundargerðir til nefndarmanna, Skipulagsstofnunar og oddvita sveitarfélaganna.

4. gr.

Þegar samvinnunefnd hefur samþykkt tillögu að skipulagi svæðisins skal hún auglýst í Lögbirtingarblaði og með áberandi hætti í viðkomandi sveitarfélögum og höfð þar til sýnis ásamt fylgiskjölum í a.m.k. fjórar vikur. Einnig skal tillagan auglýst utan sveitarfélaganna. Áður en tillagan er samþykkt í samvinnunefnd fyrir auglýsingu skal hún kynnt á almennum fundi eða á annan fullnægjandi hátt. Að loknum athugasemdafresti sem eigi má vera skemmri en sex vikur tekur nefndin afstöðu til athugasemda og afgreiðir tillöguna innan sex vikna til sveitarstjórna. Að loknum sex vikna umþóttunartíma sveitarstjórna skal samvinnunefnd

afgreiða samþykktu tillögu til Skipulagsstofnunar sem gerir tillögu til umhverfísráðherra um lokaafgreiðslu.

5. gr.

Kostnaður sem til fellur vegna vinnu við breytingu svæðisskipulags sunnan Skarðsheiðar 1992-2012 skal skiptast þannig: Skipulagsstofnun 50%, Akraneskaupstaður 10%, Hvalfjarðarstrandarhreppur 10%, Innri-Akraneshreppur 10%, Leirár- og Melahreppur 10% og Skilmannahreppur 10% .

6. gr.

Stefnt skal að því að samvinnunefndin ljúki störfum fyrir 31. desember árið 2006. Að rökstuddri beiðni nefndarinnar getur umhverfísráðherra framlengt starfstíma hennar.

7. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 12. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Umhverfísráðuneytinu, 17. febrúar 2005.

Sigríður Anna Þórðardóttir.

Magnús Jóhannesson.

GJALDSKRÁ

um sorphirðu í Rangárfingi eystra árið 2005.

1. gr.

Sveitarstjórn Rangárfings eystra er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorpörgunar- og sorphirðugjald) sbr. samþykkt nr. 137/2005 fyrir árið 2005.

2. gr.

Á íbúðarhús, sumarhús, öll fyrirtæki, lögaðila og aðra sem hafa með höndum starfsemi sem krefst sorphreinsunar skv. 1. gr. skal sveitarstjórn skipa í flokka m.a. eftir áætluðu magni úrgangs.

Sorphirðugjald flokkanna er sem hér segir:

1. flokkur	Sorphreinsunargjald	kr.	10.000 á íbúð/m.v. 1 poka á viku
2. flokkur	Sorpeyðingargjald í dreifbýli þar sem pokahirða er ekki	kr.	5.000
3. flokkur	Sorpeyðingargjald, sumarhús	kr.	3.500
4. flokkur	Fyrirtæki m.v. 1 pokagildi á viku (margfeldi í gámum)	kr.	10.000

3. gr.

Sorphirðugjald greiðist til sveitarsjóðs Rangárfings eystra og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.